

Ár 2007, þriðjudaginn 9. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið

Að skera úr um hvort heyra skuli undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð. Kjararáð ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 4. gr. laganna. Fullskipað kjararáð sker úr um til hverra ákvörðun launa og starfskjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli ná í nánari atriðum en þar greinir, sbr. 5. gr. laga um kjararáð.

II.

Kjararáði barst bréf frá iðnaðarráðuneytinu dagsett 24. ágúst 2007. Bréfinu fylgdi skipunarbréf ásamt erindisbréfi fyrir forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þar sem um nýja stofnun væri að ræða var óskað eftir að skipuðum forstjóra yrðu ákveðin laun.

Í samræmi við 5. gr., sbr. 4. gr. laga um kjararáð, tók ráðið til skoðunar hvort heyra skyldi undir það að ákveða laun og starfskjör forstjórans. Kjararáð gaf iðnaðarráðuneytinu, nýskipuðum forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og fjármálaráðuneytinu, með bréfum dagsettum 29. ágúst 2007, kost á að koma sjónarmiðum á framfæri vegna málsins. Svar barst frá iðnaðarráðuneytinu með bréfi dagsettu 3. september 2007 og frá fjármálaráðuneytinu með bréfi dagsettu 6. september 2007.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins kemur fram að iðnaðarráðherra skipi forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Forstjórinn fari með stjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur. Hann ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar og ákveði starfssvið þeirra. Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands væri nýtt embætti sem enn hefði ekki verið birt á lista fjármálaráðherra fyrir forstöðumenn samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en myndi verða á næsta lista yfir forstöðumenn. Í ljósi þessa teldi ráðuneytið að kjararáð skyldi úrskurða um laun og starfskjör forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Í bréfi iðnaðarráðuneytisins sagði að við stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hefðu Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins verið sameinaðar með nýjum áherslum. Stofnunin starfi á grundvelli laga nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tækni-rannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Hún væri tiltölulega stór ríkisstofnun og það væri í höndum forstjóra hennar að ákveða launakjör allra starfsmanna stofnunarinnar. Þá bæri hann ábyrgð á fjárhag og rekstri stofnunarinnar. Um starfssvið og ábyrgð forstjórans væri nánar fjallað í erindisbréfi hans. Í bréfinu kemur fram sú afstaða ráðuneytisins að ákvörðun launa og starfskjara forstjórans skuli heyra undir kjararáð.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 ákveður kjararáð laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. laganna.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 47/2006 um kjararáð segir að meginreglan á vinnumarkaði, hvort sem er hjá hinu opinbera eða einkaaðilum, hljóti að vera samningsfrelsi og að laun og starfskjör séu ákveðin í frjálsum samningum. Undantekninguna sem löggin mæli fyrir um verði að skýra þröngt. Í 4. gr. komi fram hverjir aðrir en æðstu handhafar ríkisvaldsins, sbr. 3. gr., skuli heyra undir löggin. Meginreglan sé sú að það séu þeir embættismenn og ríkisstarfsmenn sem svo háttar um að laun þeirra og starfskjör geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða misvægis samningsstöðu. Við mat á því hverjir falli undir ákvæði 4. gr. sé eðlilegt að horfa til þess annars vegar hverjir gegni störfum sem ekki megi falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegni störfum sem feli í sér fyrirvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum.

Lög um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun nr. 75/2007 tóku gildi 1. ágúst 2007. Í 1. gr. laganna segir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands sé sérstök stofnun sem heyri undir iðnaðarráðherra. Í 3. gr. segir að ráðherra skipi forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri fari með stjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur. Hann ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar og ákveði starfssvið þeirra. Hann fer því með fyrirvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum Forstjórinn er embættismaður samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 40. grein sömu laga er embættismönnum óheimilt að efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.

Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða kjararáðs að heyra skuli undir ráðið að ákveða laun og önnur starfskjör forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

IV.

Úrskurðarorð

Ákvörðun launa og starfskjara forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands heyrir undir kjararáð.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir